

30. maí 2016

**Rótarýklúbbur Kópavogs**  
**Bryndís Hagan Torfadóttir, forseti**

*Fyrir hönd Menntaskólans í Kópavogi vil ég þakka Rótarýklúbbi Kópavogs fyrir að veita Rótarý-styrk í raungreinum við útskrift frá skólanum föstudaginn 27. maí sl.*

*Styrkinn hlaut að þessu sinni Guðfríður Daníelsdóttir sem bestan árangur sýndi í raungreinum á stúdentsprófi vorið 2016.*

*Auka þarf hlut raungreina í íslenskum framhaldsskólum og mikilvægt er að hvetja þá nemendur til dáða sem vel standa sig. Rótarýklúbbur Kópavogs hefur lagt sitt af mörkum til hvatningar náms í raungreinum með glæsilegri styrkveitingu. Þá sýnir klúbburinn Menntaskólanum í Kópavogi virðingu og hlýhug með þessu framlagi.*

*Rótaryfélagar í Rótarýklúbbi Kópavogs hafið heila þökk fyrir.*

Margrét Friðriksdóttir  
skólameistari